

Starfsstöð	Heimilisfang	Viðstaddir
FE-1162 Eldisstöðin Íspór hf.	Nesbraut 25 815 Þorlákshöfn	Sverrir Valdemarsson Stöðvarstjóri

Tilafni	Eftirlit framkvæmt	Dagsetning skýrslu	Tímar við úttekt	Viðbótartímar	Yfirvinna
Reglubundin skoðun	2.6.2023	2.6.2023	6,00	0,00	0,00

Skoðuð voru og tekin afstaða til 11 skoðunatriða af 17. Gerðar eru kröfur um úrbætur í 2 skoðunatriðum, þar af 1 Alvarleg frávik og 1 Frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

Frestur til úrbóta

Næsta reglubundna skoðun

Alvarlegt frávik	Frávik
5.1.2 Þjálfun starfsfólks (rekstrarleyfi>20.tonn)	5.1.4 Viðbragðsáætlanir (rekstrarleyfi>20.tonn)

Niðurstaða eftirlits

Tveir eftirlitmenn mættu í reglubundið eftirlit hjá Eldisstöðinni Íspór í Þorlákshöfn. Farið var yfir gæðapappíra og skráningar. Ljóst er að bæta þarf úr þjálfunarskráningu strafsmanna hið fyrsta, en ekki var hægt að sýna fram á að allir starfsmenn hafi fengið þjálfun í samræmi við kröfur sem gerðar eru í reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi. Matvælastofnun lítur á þetta sem alvarlegt frávik.

Uppfæra þarf viðbragðsáætlanir þannig að þær passi við starfssemi Íspórs.

Gengið var um stöðina og búnaður skoðaður. Engar athugasemdir voru gerðar við búnað og varnir gegn strokum.

Farið verður í eftirfylgni með frávikum í september 2023.

Vakin skal athygli á að skv. 1. mgr. 26. gr. stjórnslulaga, er þér heimilt að kæra ákvörðun þessa til matvælaráðuneytisins. Jafnframt skal athygli vakin á 1. mgr. 27. gr. laganna, þar sem segir að stjórnslukæra skuli borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun.

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 392/2022. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á Ísland.is.

Starfsstöð

Eldisstöðin Íspór hf.
Nesbraut 25
815 Þorlákshöfn
Staða: Í gildi
Kennitala: 6605090380

Starfsemi

Frumframleiðsla - þáttur VI - SS - Seiðastöð

Tengiliðir

Sigurður Örn Jakobsson	8633342	sigurdur@isthor.is	Stöðvarstjóri
Sverrir Rafn Valdemarsson	6558525	sverrir@isthor.is	Stöðvarstjóri

5 - Gæðastjórnun og innra eftirlit

5.1 - Skipulag, verklag, viðbragðsáætlanir og innra eftirlit

47. - 50.gr. og viðauki III. í reglugerð nr. 540/2020

5.1.2 Þjálfun starfsfólks (rekstrarleyfi>20.tonn)

Sett inn: 02.06.2023

Alvarlegt frávik

Sumir starfsmenn hafa fengið hluta þjálfunar en þrír starfsmenn hafa ekki fengið neina þjálfun. Verið er að innleiða þjálfunarþrógram á íslensku fyrir starfsmenn Íspórs.

5.1.4 Viðbragðsáætlanir (rekstrarleyfi>20.tonn)

Sett inn: 05.03.2021

Frávik

Viðbragðsáætlun vegna rekstrarstöðvunar. Uppfæra þarf skjalið. Margt á ekki við um Íspór. Eins þarf að tryggja að aðili sem tekur á móti eða flytur dauðfisk hafi tilskilin leyfi til þess.

Olíumengun. Uppfæra þarf skjalið og taka út Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða.

Neyðarslátrun. Á ekki við Íspór.

Almennt að uppfæra viðbragðsáætlanir þannig að þær passi við starfsemi Íspórs.

5.1.3 Verklagsreglur (rekstrarleyfi>20.tonn)

Sett inn: 05.03.2021

Í lagi

Bæta við tengilið hjá MAST í verklagsreglu um strok.

5.1.6 Innri úttektir - sannprófun (rekstarleyfi>20.tonn)

Sett inn: 05.03.2021

Í lagi

Athuga með að tímasetja úrbótaáætlanir.

Eftirfarandi skoðunatriði voru skoðuð og reyndust í lagi

2.1.1 Rekstrarleyfi	2.1.2 Framleiðsluskýrsla	4.2.1 Yfirlit yfir fiskeldisstöð á landi
4.2.2 Eldisbúnaður og fiskheldni	4.3.1 Viðbragðsáætlun vegna stroks	4.3.2 Búnaður til að endurheimta fisk
5.1.3 Verklagsreglur (rekstrarleyfi>20.tonn)	5.1.5 Innra eftirlit (rekstarleyfi>20.tonn)	5.1.6 Innri úttektir - sannprófun (rekstarleyfi>20.tonn)

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit með fiskeldi er samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Löggjöfin fjallar um eftirlit og leyfisveitingar rekstrarleyfa til fiskeldis. Nánari ákvæði hafa verið sett fram í reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi.

Markmið laga um fiskeldi er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná því markmiði skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd í sjókvældi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó.